



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagur, 8. október 2010

Ákvörðun nr. 29/2010

Kaup Lyfjapjónustunnar ehf. á Parlogis ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Þann 20. ágúst sl. var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um samruna Lyfjapjónustunnar ehf. (Lyfjapjónustan) og Parlogis ehf. (Parlogis). Tilkynningunni fylgdi samrunaskrá í samræmi við ákvæði 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005. Í samrunatilkynningunni kemur fram að Lyfjapjónustan hafi keypt allt hlutfé í Parlogis af Eignarhaldsfélaginu Vestia ehf. Fram kemur að Lyfjapjónustan sé eignarhaldsfélag sem sé að miklu leyti í eigu sömu aðila og eiga Icepharma hf. (Icepharma), sölu og markaðsfyrirtæki fyrir lyf, hjúkrunarvörur, lækningatæki, heilsutengdar neytendavörur og íþróttavörur. Þá kemur fram að eignarhaldsfélagið Lyfjapjónustan hafi verið stofnað um eignarhald á Parlogis. Samrunatilkynningunni og samrunaskrá fylgdu ýmis gögn um samrunann, s.s. ársreikningar Parlogis og Icepharma fyrir árin 2008 og 2009, afrit mikilvægra viðskiptasamninga, kaupsamningur milli aðila o. fl.

Að mati Samkeppniseftirlitsins fellur samruni Parlogis og Lyfjapjónustunnar undir samrunaeftirlit 17. gr. a samkeppnislaga þar sem veltuskilyrði laganna eru uppfyllt. Með bréfi, dags. 23. sept. 2010, tilkynnti Samkeppniseftirlitið aðilum málsins að stofnunin teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans, sbr. 17. gr. d samkeppnislaga og 9. gr. reglna um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum nr. 684/2008.

II.

Samruninn

Í máli þessu er um að ræða kaup Lyfjapjónustunnar á Parlogis. Eigendur Lyfjapjónustunnar eru að verulegu leyti sömu aðilar og eiga Icepharma. Sömu aðilar munu því að miklu leyti hafa yfirráð yfir báðum fyrirtækjum verði samruninn heimilaður. Í skilningi samkeppnislaga fela því kaup Lyfjapjónustunnar á hlutfé Parlogis í sér samruna Icepharma og Parlogis.

Í samrunaskrá kemur fram að Parlogis er vörustjórnunarfyrirtæki sem hefur sérhæft sig í að þjónusta fyrirtæki á heilbrigðismarkaði. Parlogis býður viðskiptavinum sínum upp á



þjónustu við birgðastýringu, innkaup, innflutning, lagerhald, móttöku pantana, tiltekt vörunnar og dreifingu, reikningagerð og innheimtu. Misjafnt er hversu víðtæka þjónustu viðskiptavinir fyrirtækisins kaupa. Fyrirtækið hefur sérhæft sig í vörustjórnun fyrir heilbrigðisstofnanir, lyfjafyrirtæki og sérværslanir með heilsutengdar vörur. Í samrunaskrá kemur fram að helsti keppinautur Parlogis sé lyfjadreifingarfyrirtækið Distica hf. sem tengist lyfjainnflutningsfyrirtækinu Vistor hf.

Þá kemur fram í samrunaskrá að Icepharma er markaðsfyrirtæki sem selur lyf, hjúkrunarvörur, lækningatæki, heilsutengdar neytendavörur og íþróttavörur. Fyrirtækið geri annars vegar samninga við birgja um að annast starfsemi þeirra á Íslandi og hins vegar við kaupendur um vöruval, verð og afslætti. Icepharma sjái um að sækja um markaðsleyfi fyrir hönd lyfjabirgja og annist dagleg samskipti við Lyfjastofnun vegna þeirra lyfja sem hér séu á markaði. Markaðsfyrirtæki á borð við Icepharma geti valið um að sjá alfarið um vörustjórnun sjálf eða úthýsa dreifingu og annarri vörustjórnun til sérhæfðra vörustjórnunarfirmakerja.

Fram kemur að Icepharma hafi úthýst þessum þætti starfseminnar til Parlogis og forvera þess, en Parlogis og Icepharma voru í eigu sömu aðila fram til ársins 2007, þegar samruni DM ehf. var heimilaður sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 52/2007, *Samruni DM ehf. og Parlogis hf.*

III.

Niðurstaða

Samkeppniseftirlitið hefur áður tekið afstöðu til samruna Parlogis við önnur fyrirtæki. Stofnunin heimilaði samruna Parlogis og DM ehf. með ákvörðun nr. 52/2007. DM ehf. rak vörugeymslur og toll- og flutningsmiðlun. Þá heimilaði stofnunin samruna Parlogis og NBI hf. með ákvörðun nr. 32/2009.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða verði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Í því skyni að meta áhrif þess samruna sem um ræðir í máli þessu aflaði Samkeppniseftirlitið upplýsinga til viðbótar við þær upplýsingar sem stofnunin hafði undir höndum og ofangreind gögn frá samrunaaðilum, s.s. frá keppinautum og viðskiptavinum aðila á mörkuðum, auk þess sem starfsmenn stofnunarinnar ræddu við fulltrúa aðila á fundum.

Sá samruni sem hér um ræðir felur í sér að sömu eða skyldir aðilar öðlast yfirráð yfir tveimur fyrirtækjum sem stunda umfangsmikil innbyrðis viðskipti, þ.e. um er að ræða svonefndan lóðréttan samruna. Samhliða þessu þjónar Parlogis, annað þessara fyrirtækja, mörgum keppinautum hins fyrirtækisins, Icepharma. Fyrirtækin tvö hafa áður verið undir yfirráðum sömu aðila og þau hafa stundað innbyrðis viðskipti frá upphafi, ásamt því að



Parlogis hefur þjónað keppinautum Icepharma. Taka ber fram að rannsókn þessi tekur einvörðungu til áhrifa samrunans á samkeppni, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga.

Að öllu samanlögðu og með hliðsjón af gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna kaupa Lyfjaþjónustunnar ehf. á öllu hlutafé í Parlogis ehf. á grundvelli samrunaákvæða samkeppnislaga.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Ekki er ástæða til að aðhafast frekar vegna kaupa Lyfjaþjónustunnar ehf. á öllu hlutafé í Parlogis ehf. “

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson